

Fundargerð – Aðalfundur Foreldrafélags Hlíðaskóla

Hlíðaskóli og Facebook Live, 16. september 2021

Mættar úr stjórn:

Lena Viderø, formaður
Sigurhanna Kristinsdóttir, fundarstjóri
Klara Geirsdóttir, gjaldkeri
Eirný Þórólfsdóttir, skólaráðsfulltrúi
Eygló Svala Arnarsdóttir, ritari
Þorbjörg Gísladóttir, meðstjórnandi

Fjarverandi:

Rósa Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi
Hallfríður (Halla) Brynjólfsdóttir, meðstjórnandi

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar um starf hennar síðastliðið starfstímabil kynnt
3. Reikningur lagður fram til samþykktar
4. Ákvörðun félagsgjalds
5. Starfs- og fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar og umræðu
6. Stjórnarkjör
7. Breytingar á samþykktum
8. Önnur mál

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Lagt er til að Sigurhanna Kristinsdóttir verði fundarstjóri og Eygló Svala Arnarsdóttir ritari.
Enginn mótmælir því.

2. Skýrsla stjórnar um starf hennar síðastliðið starfstímabil kynnt

Lena fer lauslega yfir skýrslu stjórnar. Ítarleg skýrsla var send í tölvupósti. Fjallað er m.a. um fundi innan stjórnar og fundi stjórnar með Berglinni Stefánsdóttur skólustjóra, þar sem t.d. agamál voru rædd.

Nefndir voru stofnaðar: Fræðslunefnd, jólaföndursnefnd (rafrænt jólaföndur gekk vel), óskilamunanefnd (tvö „óskilamunapartý“ voru haldin en 10 svartir ruslapokar fóru til Rauða krossins) og skólalóðanefnd. Lena hefur fundað með skólustjórnendum og frístund vegna úrbóta á skólalóð en það er ekki á dagskrá hjá borginni að gera neitt í lóðamálum sem stendur.

Haldin voru fræðsluerindi að frumkvæði foreldrafélagsins/fræðslunefndar. Styrkur sem átti að nýta í Vorhátíð var nýttur í fræðsluna (með samþykki styrkveitenda). Fræðsla gafst mjög vel og nemendur óska eftir meiri fræðslu, sérstaklega kynfræðslu og að hún fari fram fyrir (í 5. bekk).

Árgangar voru hvattir til að halda litlar vorhátíðir og fengu þeir sérstakan styrk frá foreldrafélaginu vegna þess og nánast allir nýttu sér það. Tvær kannanir voru gerðar og kom ýmislegt gagnlegt fram.

Foreldrafélagið styrkti gerð fræðsluefnis í tengslum við símalausan skóla. Beðið er um að þetta sé útskýrt nánar og Lena segir frá. Rætt var á skólaráðsfundi að Hlíðaskóli verði símalaus og á að innleiða það í samráði við nemendur. Ölduselsskóli er símalaus og hefur reynst vel. Krakkar mega koma með síma í skólann en ekki vera í sínum á skólatíma. Foreldrum leist vel á þetta fyrirkomulag í könnun sem foreldrafélagið gerði. Fundargestir láta í ljós ánægju sína með símaleysi í athugasemdum.

3. Reikningar kynntir og lagðir fram til samþykktar

Klara fer yfir reikning foreldrafélagsins sem stendur í 1.948.111 kr. (mynd af reikningi er sett á spjallið). Foreldrafélagið stendur vel, en fljótt saxast af þessari upphæð um leið og hægt er að

halda viðburði. Engar spurningar eða athugasemdir koma fram. Reikningur hefur verið endurskoðaður og samþykktur af skoðunarmönnum. Hann er því samþykktur.

4. Ákvörðun félagsgjalds

Tillaga stjórnar er að félagsgjald haldist óbreytt, 3.000 kr. á fjölskyldu. Til stendur að halda jólaföndur/-skemmtun (áætlaður kostnaður: 100.000 kr.), öfluga fræðslu (áætlaður kostnaður: 600.000 kr.), o.fl. Styrkur til hvernar bekkjardeildar til skemmtanahalds miðast við tvö árgjöld, 6.000 kr. Engin mótmælir upphæð félagsgjalds. Hún er því samþykkt.

5. Starfs- og fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar og umræðu

Lena fer yfir drög að starfsáætlun, sem var send í tölvupósti.

Fjallað er um hlutverk bekkjarfulltrúa. Það er mikilvægt og ekki erfitt, en erfitt er að fá foreldra til að bjóða sig fram. Þeir sjá um að skipuleggja viðburði fyrir bekki, eins konar hópefli fyrir krakka og foreldra og vera tengiliðir foreldrafélagsins inn í árganga. Tillaga kom um nýtt fyrirkomulag á skipun bekkjarfulltrúa: Umsjónarkennarar skipi 2-4 foreldra bekkjarfulltrúa á önn eftir nafnalista. Skólastjórnendur eru hlyntir þessu.

Starfsáætlun er hugsuð sem beinagrind að dagskrá fyrir stjórn, t.d. fræðsla í september, Hrekkjavaka í október, jólaföndur í nóv- des, o.s.frv., en hún er ekki meitluð í stein.

Klara fór yfir fjárhagsáætlun áðan og því óþarfi að gera það aftur.

6. Stjórnarkjör

Það eiga 7-9 að sitja í stjórn. Það er bundið í lög að foreldrafélög séu starfandi í skólum. Úr sitjandi stjórn gefa Eygló, Klara og Halla kost á sér áfram. Óskað er eftir framboðum í stjórn og nefndir, t.d. óskilamunanevnd, fræðslunefnd, nefnd um mótuneytismál og nefnd um málefni tvítýngdra barna. Einnig er óskað eftir framboði í skólaráð.

Í 8. grein samþykktá foreldrafélagsins kemur fram að tveir foreldrar skuli sitja í skólaráði og að annar þeirra sé einnig í stjórn foreldrafélagsins til að mynda samfellu. Svanhildur, sem er á sínu seinna ári sem fulltrúi í skólaráði, kom fram með vangaveltur um að þetta gæti verið íþyngjandi.

Eirný segir frá starfi skólaráðs þar sem skólastjórnendur, fulltrúar foreldra, frístundastarfs og nemenda eiga sæti. Fulltrúar í skólaráði hafa áhrif, t.d. hvað varðar skóladagatal, símaleysi, o.fl. Mikilvægt er að það sé samvinna milli foreldrafélags og skólaráðs.

Pórey Björk býður sig fram sem fulltrúi í skólaráði og í stjórn foreldrafélagsins.

Þorsteinn V. Einarsson býður sig fram í stjórn foreldrafélagsins.

7. Breytingar á samþykktum

Foreldrafélagið leggur ekki til neinar breytingar á samþykktum – þær voru endurskrifaðar í fyrra og samþykktar á síðasta aðalfundi. Engar breytingar eru lagðar fram en ábending varðandi skólaráðsfulltrúa er tekin til greina og má endurskoða seinna.

8. Önnur mál

Foreldrafélaginu barst póstur um eineltismál. Gerð var könnun foreldrafélagsins þar sem spurt var um upplifun foreldra á einelti og óskað var eftir því að sú niðurstaða yrði rædd. Samanlagt nefndi 27% svarenda að börnin þeirra hefðu lent í einelti einhvern tímann á skólagöngu sinni og mörgum fannst ekki nógu vel tekið á málum. Farið var yfir niðurstöðu könnunarinnar á skólaráðsfundi. Skólastjóra fannst þetta sláandi tala og ætlar að taka á málum og skoða ferla betur, svo könnunin hafði áhrif.

Lena sendi skjal um fagráð eineltismála í tölvupósti til foreldra. Ef einhver á barn sem lendir í einelti, er best að hafa fyrst samband við umsjónarkennara. Ef það ber ekki árangur, má hafa samband við deildarstjóra (sem er ný staða við skólann). Ef það ber heldur ekki árangur, þá er skólastjóri næstur í röðinni. Ef skólinn tekur ekki á málum er hægt að leita til fagráðs eineltismála. Eineltisteymi er einnig starfandi innan skólans.

Þar sem aðeins fimm framboð hafa komið fram þarf að gera hlé á aðalfundi og halda hann aftur síðar. Hann verður þá eingöngu rafrænn. Fundarbeiðni verður send út og aðeins eitt mál verður á dagskrá: Framhald stjórnarkjörs. Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband á Facebook eða með því að senda póst á ff.hlidaskola@gmail.com.

Fundi er ekki slitið, heldur frestað og þar með lokið í bili.

Fundargerð hefur verið samþykkt rafrænt.